

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK



LÉTÖL

# LANGAR ÞIG AÐ KOMAST FRÍTT Á ROCK IM PARK

STÆRSTA ROKKFESTIVAL ÞÝSKALANDS  
1. - 3.JÚNÍ NK.

FYLGDU „BECK'S Á ÍSLANDI“ Á FACEBOOK 

METALLICA - KASABIAN - MOTÖRHEAD - THE HIVES  
KEANE - LINKIN PARK - SHINEDOWN - THE OFFSPRING  
MACHINE HEAD - CYPRESS HILL - AZEALIA BANKS  
EVANESCENCE - GUANO APES - TENACIOUS D  
THE TING TINGS - AWOLNATION - MARILYN MANSON  
THE MACCABEES - TINIE TEMPAH - THE SUBWAYS  
BILLY TALENT - CHASE & STATUS - MASTODON  
PETER DOHERTY - SOUNDGARDEN - FM BELFAST  
OFL. OFL.

20 ÁRA ALDURSTAKMARK

Á bls. 14 er að finna bæði **Benedikt Guðmundsson** og **Guðmund Benediktsson**. Tilviljun?

## Hún fær að finna fyrir því

NOTIST EKKI Í ELDSVOÐA



### ELÍN LOVÍSA Á 30 SEKÚNDUM

**Fyrstu sex:** 071290.  
**Uppáhaldslag með Nylon:** Ég sakna þín síðasta sumar.  
**Átrúnaðargoð í æsku:** Spice Girls.  
**Lagið sem kemur mér í girn:** Eins og er „Call Me Maybe“ með Carly Rae Jepsen.  
**Uppáhaldstónlistarkona:** Beyoncé.  
**Stæltasti karlmaður landsins:** Pétur Viðarsson.

**Elín Lovísa Elíasdóttir** var heitari en kveikjari í fyrra en nú ætlar þessi yngri systir Klöru í *The Charlies* að snúa sér hring eftir hring í sumar því á morgun sendir hún frá sér splunkunýjan sumarsmell.

„Það er gaman að þetta sé loksins tilbúið því það er búið að taka næstum því ár að búa til þetta lag.“ segir Elín Lovísa Elíasdóttir sem gefur á morgun út nýtt lag sem nefnist Hring eftir hring. Lagið verður frumflutt í morgun-þættinum Magasin á FM957 í fyrramálið og fer í kjölfarið á Youtube. „Ég fékk undirspilið fyrir næstum því ári og síðan þá hefur þetta gerst í litlum skrefum. Alma tók sinn tíma í að semja textann og svo byrjaði ég eftir áramót að taka upp sönginn og finpússa með strákunum í Redd Lights. En þetta er allt þess virði þegar maður heyrir lokaútkomuna.“

Elín Lovísa ætti að vera mörgum tónlistarunnendum kunn en í fyrrasumar gaf hún út, ásamt Kristmundi Axel og strákunum í StopWaitGo, lagið Það birtir alltaf til. Lagið naut mikilla vinsælda og er í dag með hátt í 120 þúsund áhorf á Youtube. En í nýja laginu er Elín Lovísa ein síns liðs. „Þetta er lag um stelpu

sem er hætt með stráknum sem hún syngur um. Hann var eitthvað að pirra hana en hún er að segja að hún sé komin yfir hann. Hann var greinilega eitthvað eigingjarn og lét stelpuna snúast í kringum sig, hring eftir hring alveg á fullu.“ segir Elín Lovísa í léttum tón. „Ég get samt ekki sagt að þetta sé mín persónulega reynsla.“ bætir Elín Lovísa við en hún er einmitt í sambúð með Pétri Viðarssyni, leikmanni FH í knattspyrnu.

### Góð ráð frá stóru systur

Klara Ósk Elíasdóttir, söngkona fyrrum Nylon-flokksins, *The Charlies*, er eldri systir Elínar og segir Elín það einungis hafa jákvæð áhrif á hennar feril sem söngkonu. „Það er mjög fínt að eiga Klöru sem systur því hún getur hjálpað mér mjög mikið í þessu. Hún er eiginlega búin að gera þetta allt fyrir mig með aðstoð stelpnanna (í *The Charlies*) og án þeirra væri ég

örugglega ekki að gefa út þetta lag.“ segir Elín Lovísa sem þó ætlar ekki að láta frægðarljóma stóru systur hafa of mikil áhrif á sig. „Í gamla daga sungum við saman í einhverjum veislum en það var aðallega hún sem fékk alla athyglina og fékk að syngja. En núna fær hún að finna fyrir því.“ segir Elín Lovísa hlæjandi um leið og óskar í sömu andrá eftir því að blaðamaður birti ekki þessa síðustu setningu. Elín Lovísa segir framhaldið alveg óráðið hjá sér en vonast þó eftir því að koma eitthvað fram á næstunni og að senda frá sér fleiri lög. „Þó það gæti átt vel við þá er ég ekki að fara hring eftir hring í kringum landið og halda tónleika með þetta eina lag en stefnan er að gefa út lagið og sjá svo hvað gerist. Vonandi verða viðtökurnar góðar svo ég geti bombað fleiri lögum í spilun.“ segir hin viðkunnanlega Elín Lovísa að lokum.

jri

## MMM

### MONITOR MÆLIR MEÐ...

#### FYRIR HJÓLARA

Það hefur ekki farið framhjá mörgum að þessa dagana er átakið

**Hjólaláð í vinnuna** í fullum gangi. Hjólaláðir eru stútfullar af fólki sem er í leit að nýjum hjólum og úti á götu er urmull af duglegum görþum sem ferðast á milli staða á hjólinu sínu. En Monitor vill hvetja alla til að nota hjálm bæði vegna þess að það er töff og af því hann bjargar mannlífum.



#### FYRIR TÓNLISTARUNNENDUR

Arnar Eggert Thoroddsen hefur um árabil fjallað um tónlist frá hinum ýmsu hliðum í Morgunblaðinu og í þáttum sínum Tónlistarstund á mbl.is. Nú hefur þessi tónlistarspekúlant opnað sína eigin heimasíðu, **arnareggert.is**, en þar hyggst hann einfaldlega halda áfram að fjalla um tónlist. Maðurinn hreinlega elskar tónlist.



#### FYRIR SKEMMTANAGLAÐA

**Úrilla Górrillan** opnaði á síðasta ári hjá Gullinbrú en nú hafa eigendur hennar fært út kvíarnar því í gærkvöldi opnaði útibú þeirra á Austurstræti í miðborginni. Þar verður líkt og á upprunalega staðnum hægt að horfa á boltann í beinni en einnig er hægt að skemmta sér á annan máta eins og til dæmis í karóki.



## Vikan á facebook



**Jón Gunnar Geirdal**  
Strax búinn að sanna sig sem royal steik... hver velur

Downing í landslið? Lagerback myndi ekki hringja í hann...og Carrick ekki valinn - Hodgson verður ekki langlífur í þessu vesenis-starfi, það er ljóst!

16. maí kl. 14:34



**Kristmundur Axel YM**  
The worst mistake you can make is walking away

from the person who actually stood there and waited for you....

16. maí kl. 13:44



**Örvar Je Arnarsson**  
hnerrar alltaf tvisvar í röð. Annað er bara út í hött.

16. maí kl. 12:49



**Ásgeir Orri Ásgeirsson**  
Vil nú ekkert vera að monta mig eða eitthvað

þannig.. en kallinn er búinn að fara í Bauhaus

15. maí kl. 14:21



**Gollí. Kjartan Þorbjörnsson**  
misskildi eitthvað þetta átak. Hélt að maður ætti að

hjóla í vinina!

14. maí kl. 13:05

## FEITAST Í BLAÐINU

**4 Rock Im Park** fer fram í júní. Þar koma fram nokkrar af stærstu rokk-sveitum heims.



**6 Euro-Haukur spáir** Svíum sigri í Eurovision sem fram fer í Baku í næstu viku.



**8 Gabriel** er óhræddur við að bera lögin sín saman við lög Kanye West.



**12 Stíllinn** kíkta í fataskápin hjá Ásdísi Elvu Ólafsdóttir, smekkonu.



## Efst í huga Monitor

# Or Thin Tome? (eða þunnur doðrantur?)

**M**Ég tók mjög lang-sóttan brandara á Einar Lövdahl hér á skrifstofunni um daginn. Brandara sem Einar sem betur fer fattaði og fékk hann til að hlæja. En svo er það spurningin hvort allir hafi húmor fyrir slíkum bröndurum.

**H**ér var að sjálfsgöðu á ferðinni heitt stykki orðabrandari. Í mínu tilfelli liggur við að orðabrandarar séu eins konar fikn. Ef ég heyrir eitthvað sem ég get snúið út úr eða breytt á einhvern hátt þá hika ég ekki við það. Oft og tíðum er útkoman grátlega léleg en hugsunin „þú skorar ekki nema með því að skjóta“ rekur mig áfram í eigin brandarakeppni.

Ég fór vísitandi að tala um leikarann Ólaf S.K. Þorvaldz

við Einar og fór svo að ljúga því að Einari að hann ætti bróður sem hétu Hróar. Ég bað Einar um að gúggla þennan Hróar og þá spurði Einar: „Heitir hann þá Hróar Þorvaldz?“ en ég svaraði þá: „Nei, hann heitir Hróar S.K.“ Brandarinn var að sjálfsgöðu ekki búinn þarna og áður en Einar hóf leitina með því að yta á enter-takkann þá sagði ég honum að Hróar væri mjög góður kokkur og því góður að elda. Ég bað Einar um að setja sögnina elda með í leitina til að sjá hvort við myndum ekki fá upp einhver skemmtileg viðjóf af honum. Þannig að þegar þarna var komið við sögu hafði Einar slegið inn „Hróar S.K. elda.“

**Þ**etta er ef til vill ekki svo hlægi-legt svona á prenti en við félagarnir gátum hlegið að þessu á þessu augnabliki en ástæðan fyrir því að

ég er að deila þessari sögu með ykkur er sú að við hlógum ennþá meira nokkrum dögum seinna þegar Einar var einhverra hluta vegna að gúggla orðið „mjatlast“. Önnur niðurstaða leitarinnar var nefnilega í svipuðum dúr og grínið mitt því að upp kom myndband á Youtube með laginu At last þar sem einhver hélt því fram að Michael Jackson, eða MJ eins og hann er oft kallaður, hafi sungið. Heiti myndbandsins var því „MJ At Last“.

**S**vona er nú lífið skemmtilegt hér í Hádegismóunum. En hvernig er með þetta KR-app er það bara algjört krapp eða?\*

Nei, ég segi svona. Later,

Jón Ragnar

\*Hilmar á þennan

**MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri:** Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) **Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Þórhildur Þorkelsdóttir (thorhildur@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Styrmir Kári (styrmirkari@mbl.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136



REG.  TM. **BECK'S**

**VIP Á ROCK IM PARK**

Farðu inn á Facebook-síðu Monitor og smelltu á Beck's-appið til að taka þátt í leik þar sem tveir heppnir vinna ferð fyrir tvo á Rock Im Park.



**SKRILLEX**  
 Uppruni: Los Angeles, Bandaríkjunum.  
 Virkur frá: 2002.  
 Þrjú fræg lög: Scary Monsters and Nice Sprites, Bangarang og First of the Year.  
 Ein handahófskennd staðreynd: Á netinu er að finna heimasíðuna girlsthatlooklikeskrillex.tumblr.com, sem eins og nafnið gefur til kynna inniheldur eingöngu myndir af stelpum sem líta út eins og Skrillex, sem er karlmaður.

# ÞJÓÐHÁTÍÐ Í ÞÝSKALANDI

Rokktónleikahátíðin **Rock Im Park** fer fram í Nuremberg, Þýskalandi 1.–3. júní næstkomandi. **Monitor** tíndi til nokkrar af þeim fjölmörgu hljómsveitum sem spila á hátíðinni í ár.

**SOUNDGARDEN**  
 Uppruni: Seattle, Bandaríkjunum.  
 Stofnuð: 1984.  
 Þrjú fræg lög: Black Hole Sun, Black Rain og Fell on Black Days.  
 Ein handahófskennd staðreynd: Hljómsveitin lagði upp laupana árið 1997 en sneri síðan aftur árið 2010. Í millitíðinni gerði söngvari hljómsveitarinnar, Chris Cornell, garðinn frægan með hljómsveitinni Audioslave.



**GOSSIP**  
 Uppruni: Olympia, Bandaríkjunum.  
 Stofnuð: 1999.  
 Þrjú fræg lög: Heavy Cross, Love Long Distance og Pop Goes the World.  
 Ein handahófskennd staðreynd: Söngkona hljómsveitarinnar, Beth Ditto, er mikil réttindabaráttukona á sviði réttindabaráttu kvenna og samkynhneigðra. Hún hefur t.d. sagt í viðtali að hún neiti að raka sig undir höndunum.




**MOTÖRHEAD**  
 Uppruni: London, Englandi.  
 Stofnuð: 1975.  
 Þrjú fræg lög: Killed by Death, Ace of Spades og Iron Fist.  
 Ein handahófskennd staðreynd: Árið 1999 birti VH1 lista yfir 100 bestu þungarokkstónlistarmenn sögunnar og var Motörhead í 26. sæti á þeim lista.



**MARILYN MANSON**  
 Uppruni: Fort Lauderdale, Flórída, Bandaríkjunum.  
 Virkur frá: 1989.  
 Þrjú fræg lög: The Beautiful People, This Is the New Shit og Sweet Dreams.  
 Ein handahófskennd staðreynd: Marilyn Manson vann sem tónlistarblaðamaður áður en hann varð rokkstjarna.



**TENACIOUS D**  
 Uppruni: Los Angeles, Bandaríkjunum.  
 Stofnuð: 1994.  
 Þrjú fræg lög: Tribute, To Be the Best og F\*\*\* Her Gently.  
 Ein handahófskennd staðreynd: Kyle Gass, annar meðlimur dúettsins, er sagður hafa kennt Jack Black, hinum meðlimnum, á gítar. Gass er jafnframt guðfaðir sonar Black.



**LINKIN PARK**  
 Uppruni: Agoura Hills, Bandaríkjunum.  
 Stofnuð: 1996.  
 Þrjú fræg lög: In the End, Numb/Encore og New Divide.  
 Ein handahófskennd staðreynd: Hljómsveitin hét fyrst Xero og síðar Hybrid Theory áður en hún valdi endanlega nafn sitt, Linkin Park.



**JÖGER**  
 Íerskur jógúrtis

Njóttu gæðanna og bragðsins og kældu þig niður í leiðinni með hollustu. Joger - hollur og góður og fæst víða.. Prófuðu bara!

62 hitastigir

0% hvítur sykur

0% gervaseit

minna en 1% fita

100% náttúruleg afurð

lifraenn agavesafi



Joger Kringlunni · Joger Smáralind · Joger Borgartúni  
 Joger Akureyri · Joger Selfossi

**METALLICA**  
 Uppruni: Los Angeles, Bandaríkjunum.  
 Stofnuð: 1981.  
 Þrjú fræg lög: Nothing Else Matters, Enter Sandman og One.  
 Ein handahófskennd staðreynd: Heitinn bassaleikari hljómsveitarinnar, Cliff Burton, lést í bílslysi árið 1986 þegar tónleikaferðalagsrúta hljómsveitarinnar valt á þjóðvegum Svíþjóðar.



**FM BELFAST**  
 Uppruni: Reykjavík, Ísland.  
 Stofnuð: 2005.  
 Þrjú fræg lög: Underwear, Par Avion og I Don't Want to Go to Sleep Either.  
 Ein handahófskennd staðreynd: Hljómsveitin FM Belfast þrýddi fjórðu forsíðu Monitor í núverandi mynd.





# TYGGÐU EXTRA














## EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuafnis í tyggigúmmí

Rannsóknir sýna að notkun sykurlaus **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeninga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

## Fyrri undankeppnin, 22. maí

| Keppandi  |  | Umsögn   | Kemst áfram? |
|---|--|--|--------------|
|  <b>1. Svartfjallaland</b> | Lag: Euro neuro<br>Flytjandi: Rambo Amadeus                  | Lagið er hreinn hryllingur en þetta er með steiktari atriðum og ekki óhugsandi að einhverjir Íslendingar gefi þessu stig. En það eru ekki allir jafn flippaðir og við. | Nei.         |
|  <b>2. Ísland</b>          | Lag: Never forget<br>Flytjandi: Greta og Jónsi               | Maður er vonandi ekki með Gleðibanka-heilkennið, en við ættum að komast greiðlega í gegn, miðað við fyrri ár.  | Já.          |
|  <b>3. Grikkland</b>       | Lag: Aphrodisiac<br>Flytjandi: Eleftheria Eleftheriou        | Hún er gullfalleg með hræðdyrt popplag og heita gríska dansara. Þá er þetta komið.   | Já.          |
|  <b>4. Lettland</b>        | Lag: Beautiful Song<br>Flytjandi: Anmary                     | Textinn er alveg frekar sköndinn, en samt lætur hún eins og henni sé fullkomlega alvara. Heildarmyndin er því eitthvað off.  | Nei.         |
|  <b>5. Albanía</b>         | Lag: Suus<br>Flytjandi: Roina Nishliu                        | Hún ber með sér sturlun en það er allt í lagi því maður ber óttablandna virðingu fyrir henni. Hún kemst í gegn á áhrifamiklum flutningi sínum.                         | Já.          |
|  <b>6. Rúmenía</b>         | Lag: Zaleiah<br>Flytjandi: Mandinga                          | Þetta er Ibiza-smellur ársins, á spænsku, frá Rúmeníu.   | Já.          |
|  <b>7. Sviss</b>          | Lag: Unbreakable<br>Flytjandi: Sinplus                       | Það er engu líkara en að hvítrússneska lagið í ár komi frá Sviss. Það er ekki gott.  | Nei.         |
|  <b>8. Belgía</b>        | Lag: Would You<br>Flytjandi: Iris                            | Þetta venst ágætlega og ætti alveg að geta krúttast í gegn ... En það mistekst líklega rétt svo.   | Nei.         |
|  <b>9. Finnland</b>      | Lag: När jag blundar<br>Flytjandi: Pernilla Karlsson         | Líklega fallegasta lagið í ár, en maður þarf samt kannski að hafa smekk fyrir sænsku með finnskum hreim til að kunna að meta það.                                      | Já.          |
|  <b>10. Ísrael</b>       | Lag: Time<br>Flytjandi: Izabo                                | Ísraelar sjá um hressa flipp-poppið í ár og það mun örugglega fá stig frá Íslandi og mörgum fleirum.   | Já.          |
|  <b>11. San Marínó</b>   | Lag: The Social Network Song                                 | Annað hvort gengur hún Valentina ekki heil til skógar eða þá að San Marínó var rétt í þessu að uppgötva Internetið.  | Nei.         |
|  <b>12. Kýpur</b>        | Lag: Lala Love<br>Flytjandi: Ivi Adarnou                     | Það er velgengnisfnykur af þessu. Gripanði þikupopp. Vonandi fá Kýpverjar loksins það sem þeir eiga skilið. Lagið er hins vegar sænskt, líkt og fleiri.                | Já.          |
|  <b>13. Danmörk</b>      | Lag: Should've Known Better<br>Flytjandi: Soluna Samay       | Sjáið til að Íslendingar munu vera einir fárra þjóða sem gefa Dönum 12 stig í stað Svía. Þetta krútt mun fara dönsku leiðina í topp 10.                                | Já.          |
|  <b>14. Rússland</b>     | Lag: Party For Everybody<br>Flytjandi: Buranovskiye Babushki | Þessar rússnesku kleinur eru óborganlegar, sérstaklega sú litla. Þær fljúga í gegn en sigra ekki út af dómnefndunum.   | Já.          |
|  <b>15. Ungverjaland</b> | Lag: Sound of Our Hearts<br>Flytjandi: Compact Disco         | Þetta metnaðarleysi er nú bara dónaskapur. Skamm skamm.  | Nei.         |
|  <b>16. Austurríki</b>   | Lag: Woki mit deim Popo<br>Flytjandi: Trackshittaz           | Þetta er lagið sem maður hatar í fyrstu, en fattar svo að maður elskar. Þetta mun sleppa í gegn og verða vinsælt eftir keppnina.                                       | Já.          |
|  <b>17. Moldóva</b>      | Lag: Lautar<br>Flytjandi: Pasha Parfeny                      | Saxófónninn í byrjun er það besta við lagið en gaurinn er eitthvað of pirrandi.  | Nei.         |
|  <b>18. Írland</b>       | Lag: Waterline<br>Flytjandi: Jedward                         | Það er ótrúlegt hvað eitt ár hefur farið illa með þessa drengi. Þeir höfðu allt með sér í fyrri og gekk ekkert svo vel. Þetta verður sjokk fyrir Írland.               | Nei.         |

## Svíar í hverju horni!

Þótt það séu 42 lönd í keppninni í ár er ekki hægt að segja með sönnu að lög frá 42 löndum keppi. Það eru Svíar sem eru stórtækastar sem fyrr, en auk sænska lagsins eru lögin frá Noregi, Kýpur, Aserbaídsjan, Möltu, Grikklandi, Ítalíu, Írlandi og Spáni samin að hluta til eða öllu leyti af Svíum. Þá eiga höfundarir tveir sem sömdu sænska lagið Euphoria báðir hlut í öðrum lögum í keppninni, annar í því norska og hinn í því spænska.



# EUR




## Frá Ein bischen Frieden til helvítis

Sá lagahöfundur sem hefur samið flest lög í Eurovision, Ralph Siegel, er mættur á ný með sitt 20. lag. Hans þekktasta lag er Ein bischen Frieden, sem vann árið 1982 en síðast keppti hann árið 2009 með lagið Just get out of my life fyrir Svartfjallaland. Nú má þó ætla að Siegel sé búinn að missa vitnið, en hann samdi lagið The social network song (oh oh - uh - oh oh) fyrir San Marínó í ár. Lagið hét áður Facebook Uh, oh, oh, en þar sem bannað er að nota þekkt vörumerki í lagatextum keppninnar var textanum breytt lítillega. Inntakið er þó engu minna sturlað.



# Allt getur gerst – spáð í spilin fyrir Baku

Fyrir rúmu ári klóruðu margir Evrópubúar sér í höfðinu og veltu því fyrir sér í fyrsta skipti hvar þetta **Aserbaídsjan** væri nú og hvort það væri yfir höfuð í Evrópu. Þangað eru nú fulltrúar 42 landa mættir til að keppa í Eurovision, en sérstakur Eurovision-sérfræðingur **Monitor, Haukur Johnson**, telur sigurveggarann ekki eiga eftir að koma fólki í opna skjöldu í ár.



# EUROVISION

JÓNSI OG GRETA BADA SIG Í SVIÐSLJÓSINU Á MEÐAN PÉTUR JESÚ HELDUR SIG Í SKUGGANUM



## Sviarnir hljóta að taka þetta

Eins og allir, telur Haukur að Svíþjóð sigri í ár. Ítalir eigi þó mjög góða möguleika, og gamla brýnið frá Bretlandi. Þá sé ekki hægt að útiloka danskan Bylgjupopps-sigur. Hann telur að eftirfarandi lönd verði í topp 10, þó ekki endilega í þessari röð:

- Svíþjóð
- Ítalía
- Bretland
- Danmörk
- Kýpur
- Tyrkland
- Serbía
- Úkraína
- Grikkland
- Rússland



SIGURSTRANGLEGUR SVÍ

## Íslendingar eru góðir grannar

Ef illa gengur hjá Íslandi berja margir í borðið og klína sökinni á ímyndaða Austurlandamafíu. Hins vegar eru fáar þjóðir jafnfyrirsjáanlegar í stúgagjöf og Íslendingar. Þannig höfum við einungis einu sinni gefið landi utan Norðurlandanna 12 stig frá því símakosningar hófust, en þau hreppti Ruslana. Sviar eru þó ekki í þessum hópi, þótt þeir séu sú þjóð sem hefur gefið okkur flest stig í Eurovision-sögunni. Við getum því hætt að álása þeim líka. Þess má geta að Rússland hefur meðal annarra gefið Noregi, Frakklandi, Danmörku og Möltu 12 stig frá því símakosningar hófust.



## Seinni undankeppnin, 24. maí

| Keppandi   | Umsögn   | Kemst áfram? |
|--|--|--------------|
| 1. Serbía<br>Lag: Nije ljubav stvar<br>Flytjandi: Zeljko Joksimovic    | Zeljko er líklega næsti Hr. Eurovision á eftir Johnny Logan, því þetta er fjórða lagið sem hann syngur eða semur fyrir Eurovision. Honum gengur alltaf vel því hann er snillingur! | Já.          |
| 2. Make-dónía<br>Lag: Crno i belo<br>Flytjandi: Kaliopi                | Makedóníska viskíröddin er mætt aftur, og í fyrsta sinn í góðu lagi! Dómnefndir, góð framkoma og góðir grannar sjá um að hún komist í gegn.  | Já.          |
| 3. Holland<br>Lag: You and Me<br>Flytjandi: Joan                       | Hollandingar hafa verið lengi úti í kuldalum. Þetta er krúttlegt og vonandi fá þau að troða sér í gegn, þótt samkeppnin við Balkanskagann sé hörð í þessum riðli.                  | Já.          |
| 4. Malta<br>Lag: This Is the Night<br>Flytjandi: Kurt Calleja          | Sviarnir sem sömdu þetta lag hafa ekki náð langt í sínu heimalandi og það er ástæða fyrir því. Maltneskt vegabréf mun ekki bjarga deginum.   | Nei.         |
| 5. Hvíta-Rússland<br>Lag: We Are the Heroes<br>Flytjandi: Litesound    | Þetta minnir helst á Kanarokk í slakari kantinum, en þó ekki jafnslæmt og Nickelback. En þessar hetjur fara súrar heim.  | Nei.         |
| 6. Portúgal<br>Lag: Vida minha<br>Flytjandi: Filipa Sousa              | Portúgalar sendu svipað lag eftir sömu höfunda árið 2008, og fengu ekki sanngjarna útreið. Þetta lag er því miður slakari endurgerð.   | Nei.         |
| 7. Úkraína<br>Lag: Be My Guest<br>Flytjandi: Gaitana                   | Hvað er í vatninu í Úkraínu sem gerir þau að besta Eurovision-landinu? Hvort sem það er geislun eða eitthvað annað, þá ættum við kannski að fá okkur sopa. Stórkostlegt!           | Já.          |
| 8. Búlgaría<br>Lag: Love unlimited<br>Flytjandi: Sofi Marinova         | Búlgarir eiga lof skilið fyrir að fara aðeins út fyrir rammann, og þeir fá vonandi eitthvað fyrir sinn snúð.   | Já.          |
| 9. Slóvenía<br>Lag: Verjamem<br>Flytjandi: Eva Boto                    | Slóvenar hafa oft verið útundan á meðal gömlu Júgóslavíulandanna, en ég held þeir fái að vera með í ár.  | Já.          |
| 10. Króatía<br>Lag: Nebo<br>Flytjandi: Nina Badric                     | Ekta balkönsk kraftballaða af bestu gerð. Og ekki á eftir að skemma fyrir henni að hún er stórstjarna í fjórum af hinum Júgóslavíulöndunum sem kjósa í riðlinum.                   | Já.          |
| 11. Svíþjóð<br>Lag: Euphoria<br>Flytjandi: Loreen                      | Það hefur nóg verið sagt um þetta lag. Nú er bara að vona að fólk láti sms fylgja máli.  | Já.          |
| 12. Georgía<br>Lag: I'm a Joker<br>Flytjandi: Anri Jokhadze            | Þrátt fyrir titilinn, þá er þessi brandarakarl ekki að grínast. Þetta er án efa eitt versta lag sem hefur verið samið. Vonandi fær Georgia nú loks að sitja heima.                 | Nei.         |
| 13. Tyrkland<br>Lag: Love Me Back<br>Flytjandi: Can Bonomo             | Þetta lag ætti að ná til fleiri en sum lög Tyrkja sem hafa þó náð langt, svo Can ætti að ná í gegn, þótt hann sé pirrandi.   | Já.          |
| 14. Eistland<br>Lag: Kuula<br>Flytjandi: Ott Lepland                   | Það hafa margir spekingar nefnt þetta sem besta lag ársins. Þá ætla ég að vona að það verði líka mestu vonbrigðin því ég þoli þetta ekki.  | Nei.         |
| 15. Slóvakía<br>Lag: Don't Close Your Eyes<br>Flytjandi: Max Jason Mai | Hann fær einhver stig fyrir að fara úr að ofan, en þetta er bara of hart.  | Nei.         |
| 16. Noregur<br>Lag: Stay<br>Flytjandi: Tooji                           | Tooji is the new Eric Saade. Populær var vinsælt en þetta er betra lag, og verður vonandi enn vinsælla.  | Já.          |
| 17. Bosnía Herzegovína<br>Lag: Korake ti znam<br>Flytjandi: Maya Sar   | Maya Sar er vel þekkt í löndunum í kring, en hún er samt síst á meðal jafningja og nágrennakosningar munu ekki bjarga henni.   | Nei.         |
| 18. Litháen<br>Lag: Love Is Blind<br>Flytjandi: Donny Montell          | Hann segir ástina blinda, en hún yrði líklega heyrnarlaus líka ef hún þyrfti að hlusta á þetta leiðindalag!  | Nei.         |

## Þegar komin í úrslit

Þau fimm lönd sem halda keppninni að mestu uppi fjárhagslega fá að fara beint í úrslitin, auk þess lands sem heldur keppnina.

| Keppandi  | Umsögn  |
|---|---|
| Bretland<br>Lag: Love Will Set You Free<br>Flytjandi: Engelbert Humperdinck | Ef þessi Humperdinck er jafnflottur á sviði og í myndbandinu þá fer þetta mjög langt. Maður tekur líka svo mikið mark á svona gömlum kalli að syngja um ástina. |
| Frakkland<br>Lag: Echo (You and I)<br>Flytjandi: Anggun                     | Við fyrstu hlustun er þetta svolítið mikill hrærigrautur, en Frakkar vita alveg hvað þeir eru að gera.  |
| Ítalía<br>Lag: L'amore è femmina<br>Flytjandi: Nina Zilli                   | Hún er eins og blanda af Amy Winehouse og Sophiu Loren. Sjarmerandi og flott. Klárlega topp 5!  |
| Aserbaídsjan<br>Lag: When the Music Dies<br>Flytjandi: Sabina Babayeva      | Þetta lag er úr sömu sænsku smíðju og síðustu tvö lög Asera, og er klárlega það sísta. Mjög leiðinlegt.   |
| Spánn<br>Lag: Quédate conmigo<br>Flytjandi: Pastora Soler                   | Þetta er samið af sama manni og sænska lagið, og hann kann vel til verka. Þetta er ekta Euro-kraftballaða og nær vonandi hátt.                                  |
| Þýskaland<br>Lag: Standing Still<br>Flytjandi: Roman Lob                    | Horfðu djúpt í augun á Roman Lob og þá verður lagið allt í einu bara nokkuð gott. Þýskaland gæti náð inn á topp 10 þriðja árið í röð.                           |

# Er ekki vampíra

Hinn grímuklæddi **Gabriel** hefur með þéttum hip hop-hljómi og grímu að vopni orðið að einni mest spennandi viðbót við tónlistarflóru landsins á þessu ári. Hann ræddi við **Monitor** um lífið bak við grímuna, vaxandi hip hop-senu hérlandis og kröfurnar sem hann gerir til sjálfs sín.

**Þ**að er alltaf eitthvað spennandi við dulúðina sem fylgir mönnum sem ganga með grímur. Til marks um það dugir að benda á goðsagnakenndar persónur á borð við Leðurblokkumanninn og Zorro. Máttur mysteriunnar sýndi sig enn á ný í upphafi árs þegar tónlistarmaðurinn Gabriel steig fram á sjónarsviðið sveipaður algjörri dulúð. Lagið Stjörnuhröp fékk mikla spilun í útvarpi sem og á YouTube og ekki leið á löngu þar til alvarlegar vangaveltur um hver maðurinn á bak við grímuna væri í raun og veru fóru á kreik. Í síðustu viku fylgdi Gabriel fyrsta lagi sínu eftir með sannkölluðu sumarlagi sem ber nafnið Sólskin og virðist það ekki ætla að verða neinn eftirbátur Stjörnuhrapa í vinsældum. Þetta var frumraun blaðamanns í því að taka viðtal við grímuklæddan mann en saman ræddu undirritaður og Gabriel um lífið á bak við grímu, söguna á bak við dulnefnið, hip hop-menninguna á Íslandi og allt þar fram eftir götunum.

Texti: Einar Lövdahl  
Myndir: Styrmir Kári Erwinsson

einar@monitor.is  
styrmir@mbli.is

**Þú ert líklega sá tónlistarmaður hérlandis sem er sveipaður mestri dulúð. Ert þú einhvers konar ofurhetja sem enginn má vita hver er eða hvers vegna kýst þú að ganga undir dulnefni og með grímu í tónlistarsköpun þinni?**

Þælingin er að fólk megi ekki vita hver ég er, nei (hlær). Ég hef spilað á hljóðfæri og verið í tónlist síðan ég var fimm ára þegar ég byrjaði að spila á blokkflautu. Ég hef komið fram sem hljóðfæraleikari á nokkrum mismunandi hljóðfærum og hef ferðast um allan heim í tónlist. Ég hef reynslu af popptónlist, sveitaballatónlist, djassi, indípoppi og fleiri stefnum en hef hins vegar aldrei fengist við hip hop áður, þótt mig hafi lengi langað það. Þegar ég ákvað loks að drífa í því fannst mér tilvalið að koma fram undir öðrum formerkjum, öðru nafni en áður og með grímu til að aðskilja mig algjörlega frá öðru sem ég hef gert í tónlist. Þess vegna langaði mig að stimpla mig inn sem eitthvað alveg nýtt og alveg ferskt og leyfa fólki þar með að dæma mig eingöngu út frá því nýja en ekki einhverju gömlu sem fólk myndi hugsanlega tengja mig við væri ég grímulaus.

**Hvaðan kemur dulnefnið?**

Mig langaði fyrst og fremst að notast við eitthvað nafn sem mér finnst fallegt. Það var aðalmálið. Ég lá uppi í rúmi og þá kom þetta nafn upp í hugann og þá þældi ég ekkert í því að þetta væri nafn á engli. Ég hugsaði ekkert út í tenginguna við „erkiengilinn“ eða „fallna engilinn“, eins og hann er stundum kallaður og svo segja sumir að Gabriel engill sé í raun kona. Ég þældi ekki í öllu þessu fyrr en eftir á og sú viðbót gerði þetta nafn bara enn skemmtilegra, þótt ég sé enginn sérstakur áhugamaður um engla. Mér finnst Gabriel líka mjög grípandi og einfalt nafn auk þess sem það virkar bæði á íslensku og ensku.

**Hver er sagan á bak við Gabriel-grímuna? Hannaðir þú hana sjálfur?**

Þegar ég fattaði upp á nafninu var ég ekki búinn að ákveða að ég ætlaði að vera með grímu. Síðan fór ég í hönnunarstúdíó eða -búð sem heitir Líber og er til húsa á Hverfisgötu þar sem Íris Eggertsdóttir nokkur starfar. Hún hannar meðal annars grímur og ég sá þessa hekludu grímu hjá henni og þá hugsaði ég strax: „Þessi gríma er eiginlega fullkomin fyrir Gabriel.“

**Er Gabriel hliðarsjálíf sem þú breytist í þegar þú setur upp grímuna eða er þetta bara listamannsnafn þitt, rétt eins og Mugison heitir í raun Örn Elías?**

Þetta er aðeins meira en bara listamannsnafn. Það er ekki þannig að persónuleiki minn breytist eitthvað sem Gabriel en það er alltaf ákveðin stemning sem fylgir því að fara í búning eða setja upp grímu. Þegar ég er að búa til þessa tónlist og kynna hana, þá er ég Gabriel og það verður alltaf þannig. Gabriel hættir aldrei að vera Gabriel. Ef ég er síðan að gera einhverja aðra tónlist, þá er ég bara ég sjálfur. Þetta hliðarsjálíf mun alltaf haldast í hendur við þessa tilteknu tónlist.

**■ ■** Þegar ég vinn lögin mín hlusta ég eina stundina á Kanye West og svo hina stundina lag eins og Sólskin og velti fyrir mér hvort hljómurinn eða „sandið“ í mínum lögum standist þennan samanburð.





“ Það er rosalega mikið af hæfileikaríkum söngvurum á Íslandi og í raun langar mig að vinna með þeim öllum. Til dæmis þætti mér spennandi að vinna með einhverjum af frægustu söngroddum Íslands eins og Björgvini Halldórssyni.

**Má líkja grímuhugmyndinni við sviðsbúninga annarra listamanna, eins og til dæmis Daft Punk sem koma alltaf fram með hjálma sem hylja andlit þeirra?**

Auðvitað má líkja þessu við alla aðra listamenn sem hafa kosið að koma fram með grímu eða í búningi. Lady Gaga kemur yfirleitt ekki fram nema í búningi eða með grímu og hún heitir ekki Lady Gaga í alvöru. Þetta er þekkt í tónlistarheiminum án þess þó að ég hafi verið með alla þessa listamenn í huga þegar ég ákvað að gera þetta svona.

**Þú skautst fram á sjónarsviðið með laginu Stjörnuhröp og gafst nýverið út þitt annað lag, Sólskin, sem hefur strax fengið mikla spilun á YouTube. Hvað getur þú sagt mér um nýja lagið?**

Í laginu rappar Opee, Ólafur Páll Torfason, líkt og í laginu Stjörnuhröp og Unnsteinn Manuel úr Retro Stefson syngur viðlagið. Löggin Sólskin og Stjörnuhröp eru eiginlega svolítill systkini. Textinn í Stjörnuhröpum er: „Og ég veit að ég mun aldrei gleyma því, hve yndisleg þú varst mér. Og ég veit að þú munt aldrei skilja það hvers vegna ég fór frá þér.“ Í Sólskini er það síðan: „Kannski hefði ég átt að hugsa mig um aðeins betur áður en ég stóð upp og gekk burt frá þér.“ Ef þú setur þetta í samhengi, þá má lesa eitthvað út úr þessu.

Líkt og titill nýjasta lagsins gefur til kynna er þetta sumarlegt lag, það er bjart yfir því. Þetta er um samband tveggja aðila, rétt eins og Stjörnuhröp.

**Hvernig hafa smíðarnar á þessum tveimur lögum farið fram? Semur þú eitthvað af textunum?**

Ég samdi löggin og samdi textana við viðlöggin. Þegar þessi tvö lög voru að verða til var það þannig að þegar ég hafði samið textana við viðlöggin, þá hafði ég sett tóninn í texta lagsins og þá samdi Opee rímurnar í versunum og gerði það alveg frábærlega. Þetta er samt auðvitað samstarfsverkefni en ég sem allan undirleik og pródúsera löggin.

**Eins og þú segir hefur þú snert við hinum ýmsu tónlistarstefnum. Hvernig vildi það til að þú fékkst áhuga á að demba þér út í hip hop?**

Ég veit að ég er á hálum ís þegar ég segi þetta og allt í góðu með það en ég hef heyrt lítið af íslenskri hip hop-tónlist sem mér hefur þótt góð. Ég hef hlustað mikið á hip hop undanfarnin ár, ég taldi mig hafa helling fram að færa innan stefnunnar og hafði áhuga á að láta til mín taka. Ég er með mikinn metnað fyrir að gera góða tónlist og hún verður að hljóma ótrúlega vel. Ég set háan standard fyrir sjálfan mig. Þegar ég vinn löggin mín hlusta ég eina stundina á Kanye West og svo hina stundina á lag eins og Sólskin og velti fyrir mér hvort hljómurinn eða „sandið“ í mínum lögum standist þennan samanburð. Auðvitað er allt annar hljómur í tónlist Kanye og minni og auðvitað er þetta erfiður samanburður en þetta er til marks um gæðakröfurnar sem ég geri til hljómsins í lögnum. Mig langaði sem sagt að gera eitthvað sem er á borð við það besta í heiminum og mér finnst það vera þannig, hvort sem það er rétt hjá mér eða ekki. Þannig liður mér.

**Þú fékkst nú engan aukvísu til að hljómjafna lagið Sólskin, eða hvað?**

Nei, það er rétt. Í lokahnykknum á vinnuferlinu fyrir Sólskin fór ég út til New York til að láta hljómjafna lagið. Þar setti ég mig í samband við mann sem heitir Chris Athens sem hefur hljóðjafnað plötur fyrir listamenn eins og Notorious B.I.G., Beastie Boys, P. Diddy, Coldplay, Usher, AC/DC, Wiz Khalifa og ég veit ekki hvað og hvað, sem sagt algjört „legend“ sem var mjög skemmtilegt að fá með sér í lið við gerð þessa lags.

**Hver er helsti munurinn á hip hop-meningunni hér heima og í Bandaríkjunum að þínu mati?**

Íslenskt hip hop er ungt, reynslan er lítil hér miðað við Bandaríkin. Hvað varðar

**GABRIEL**  
Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: XXXXXX.

**Uppáhaldsmatur:** Sushi á fiskmarkaðnum á höfninni í Tókýó. Þangað mætir maður klukkan sjö um morgun og fær ferskasta sushi í heimi.

**Uppáhaldsstaður í heiminum:**

Ipanema-ströndin í Rio de Janeiro við sólsetur.



**Uppáhaldstónlistarmaður:**

Fyrir utan augljósa valkosti eins og Kanye West og Jay-Z þá get ég nefnt Grace Jones. Grúvin gerast ekki mikið feitari en það sem er að finna í Slave to the Rhythm með henni.



**Versti ótti:**

Að ganga með andlitið í kóngulóarvef. Það er viðbjóður. Því miður hefur það oft komið fyrir mig en það venst aldrei.



**Æskuátrúnaðargoð:**

Þau voru nokkur. Hulk, því hann er svo sterkur, James Bond og í tónlistinni horfði ég endalaust á tónleika sem við áttum á spólu þar sem fram komu Elton John og Adam Ant.



aldur og reynslu, þá erum við langt á eftir þeim og það útskýrir kannski ýmislegt. Íslenska hip hop-senan er líka rosalega lítil en hún er að stækka hægt og rólega. Rapp hefur aldrei verið neitt rosalega vinsælt á Íslandi en það á vonandi eftir að breytast enda eru ákveðnar breytingar í gangi í hip hop-senunni núna. Það eru að koma fram pródúsentar hér á Íslandi, eins og Redd Lights og StopWaitGo auk mín, sem eru að gera betri hluti en hafa verið gerðir áður og ég fagna þessari þróun.

#### Rapparin Opee ljær báðum lögum rödd sína. Er hann fastur meðlimur í verkefninu?

Nei, það er enginn fastur meðlimur nema ég sjálfur. Opee er einfaldlega frábær rappari og einn af okkar langbestu, hvort sem það er á íslensku eða ensku. Við Óli höfum þekkt í nokkur ár og mig hefur lengi langað að vinna með honum svo mér fannst það liggja mjög beint við að hringja í hann þegar ég fór af stað með þetta verkefni og samdi Stjörnuhröp. Eitt af því sem mér finnst svo flott við hann er hve ljóðrænn hann er í textunum sínum. Ef þú lest textana hans, þá sérðu að þeir eru einfaldlega bara ofboðslega falleg ljóð. Mér finnst það sérstaklega flott og passa mjög vel við tónlistina mína. Hann er núna búinn að vera með í tveimur lögum og ég mun bókað fá hann með í fleiri lög en næsta lag sem ég gef út mun innihalda Emm-sjé Gauta. Svo hlakka ég bara til að vinna með fleiri röppurum hérlendis.

#### Fékkst þú marga söngvara í þessum tveimur lögum eða hafðir þú Valdimar Guðmundsson og Unnstein úr Retro Stefson alltaf í huga?

Ég leitaði beint til þeirra tveggja enda voru þeir alveg fullkomnir í verkin og stóðu sig báðir fáránlega vel. Það var ótrúlega þægilegt að vinna með þeim, þeir mættu bara inn í stúdíó og negldu þetta. Ég hlakka til að vinna með fleiri söngvurum úr öðrum hljómsveitum eða allt öðrum tónlistarstefnum. Mér finnst gaman að tefla saman tónlistarmönnum sem koma úr ólíkum áttum. Það er auðvitað algengt í Bandaríkjunum í hip hop-tónlist, eins og til dæmis þegar Eminem og Rihanna gefa út lag saman eða eitthvað álíka.

Undirstöðuatriðið í þessu öllu saman er að mér finnst gaman að vinna með hæfileikaríku fólki. Það er rosalega mikið af hæfileikaríkum söngvurum á Íslandi og í raun langar mig að vinna með þeim öllum. Til dæmis þætti mér spennandi að vinna með einhverjum af frægustu söngroddum Íslands eins og Björgvini Halldórssyni. Hjá mér snýst þetta samt um það að þegar lagið verður til, þá heyrir ég svolítið fyrir mér hvaða söngvari myndi passa vel inn í lagið.

#### Er lokamarkmiðið með þessu að koma út plötu?

Í rauninni er ég bara að leika mér. Ég er að gera það sem mér finnst skemmtilegast að gera. Ég er að búa til mína eigin tónlist, á mínum eigin forsendum og gera eitthvað sem mér finnst ótrúlega flott og ótrúlega gaman. Markmiðið mitt er að halda áfram að gera góða tónlist og með þessu áframhaldi þá kemur einhver tímann út plata. Ég er hins vegar ekki farinn að pæla í því að svo stöddu.

#### Er maðurinn á bak við Gabríel menntaður tónlistarmaður? Er hann virkur í öðrum tónlistarverkefnum þessa stundina?

Já, ég er mikið menntaður. Ég hef verið í tónlistarnámi hérlendis og í Bandaríkjunum í klassískri tónlist og djasstónlist. Sem stendur er þetta aðalverkefnið mitt en ég vinn reglulega sem „sessjónleikari“ í hljóðverum með ýmsum tónlistarmönnum, innlendum sem erlendum.

#### Gabríelsverkefnið er enn tiltölulega ungt. Hefur þú komið fram á tónleikum sem Gabríel?

Já, ég hef gert það. Það var virkilega skemmtilegt. Þá lendir þó mesta vinnan í sviðsframkomunni á þeim sem eru með mér en ekki mér. Ég sé náttúrulega bara um undirspilið en syng hvorki né rappa uppi á sviði. Það eina sem ég þarf að gera er að annast tónlistina og sjá til þess að gríman detti ekki af mér (hlær). Gríman er alveg frekar þægileg en þegar ég er með hana uppi á sviði þá verður mér mjög heitt í andlitinu og ég svitna mikið. Það er samt alltaf góð tilfinning að setja hana upp.

#### Nú búum við í svo litlu samfélagi að það má eiginlega búast við því að smám saman geti spurst út hver þú ert í raun og veru.

#### Óttast þú það?

Ég óttast það engan veginn því eins og ég sagði áðan mun Gabríel alltaf halda áfram að vera Gabríel þegar kemur að þessari tónlist. Sem dæmi, þegar Daft Punk byrjuðu vissi enginn hverjir þeir voru en hægt og rólega byrjaði fólk að komast að því en þeir hættu samt ekkert endilega að koma fram í búningum og með hjálma fyrir andlitunum. Mér finnst gaman að vera með grímuna og fara huldu höfði, það er spennandi og skemmtilegt og ég mun halda áfram að halda því leyndu hvert mitt rétta nafn er. Ef þetta „uppljóstrast“ hins vegar, þá er það bara allt í góðu. Ég er ekki vampíra sem deyr við snertingu sólarljóssins.

#### Hvað er framundan hjá þér?

Ég er meðal annars að fara á tónleika með Kanye West og Jay-Z. Kanye West hefur klárlega verið minn stærsti áhrifavaldur og hann er sá listamaður sem ég hef hlustað hvað mest á síðustu sex ár svo augljóslega hlakka ég mikið til að sjá þá á sviði. Hvað Gabríel varðar ætla ég að halda áfram að skapa meiri tónlist.

Eins og ég sagði verður næsta lag mitt með Emm-sjé Gauta ásamt öðrum ónefndum söngvara, það kemur út í sumar. Svo ætla ég að spila á ýmsum tónleikum og uppákomum í sumar og í haust verð ég á Airwaves. Ég er mjög spennur fyrir því, þá koma vonandi fram allir sem hafa unnið með mér hingað til og þeir sem munu vinna með mér þangað til. Mér þótti mjög skemmtilegt að aðstandendur hátíðarinnar skyldu hringja í mig og biðja mig um að spila þar. Að sama skapi er ég mjög þakklátur fyrir viðtökurnar sem lögín mín hafa fengið til þessa. Ég legg mig allan fram við að gera eins vel og ég get og til að láta tónlistina hljóma eins vel og hún getur. Ég sætti mig aðeins við það besta og vil vera bestur þó svo að ég sé ekki í keppni við neinn nema sjálfan mig. Það er næg keppni í því að standa undir mín-um eigin væntingum af því að ég vil vera frábær í því sem ég geri.



## Síðasta sem ég...

**Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana:** Ég fór síðast til New York. Þangað fór ég til að klára eftirvinnsluna á nýjasta laginu mínu, Sólskin.

**Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á:** Það var á Sjávargrillinu á Skólavörðustíg. Það er einn af mínum uppáhaldsveitingastöðum, klárlega einn sá besti hérlendis. Ég fékk mér sushi og rækju- og humarpasta.

**Síðasta bíómynd sem ég horfði á:** Ég fór á The Avengers. Þar var einmitt æskuátrún-argoðið mitt Hulk að gera frábæra hluti. Ég fílaði myndina alveg í tætlur.

**Síðasti hlutur sem ég keypti:** Síðasti hluturinn sem ég keypti, fyrir utan mat og svoleiðis, var 51 tommu flatskjár og tveir hátalarar sem eru báðir rúmur metri á hæð. Ég legg ótrúlega mikið upp úr því að hafa mikil mynd- og hljómgæði heima hjá mér þegar ég horfi á vídjó.

**Síðasta skipti sem ég kom fram án grímunnar:** Það var á þessu ári á ónefndum skemmtistaði í Reykjavík.



VILTU  
VINNA  
EINTAK?

ROCKSTAR GAMES PRESENTS

# MAX PAYNE 3



Lendir

18.  
maí



9. HVER  
VINNUR!  
FJÖLDI  
AUKAVINNINGA

**SENDU EST MPV Í NÚMERIÐ 1900. ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU OG SVARAR  
MEÐ ÞVÍ AÐ SENDA SMS SKEYTIÐ EST A, B EÐA C Á NÚMERIÐ 1900  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!**

**Max Payne 3** PC PS3 XBOX 360

Pegar Max Payne missti allt sem hann elskaði opnaðist sár á sálinni sem neitar að gróa. Hann er ekki lengur í löggunni, orðinn háður verkjalyfjum og er allur í ruglinu. Max tekur að sér starf í Sao Paulo í Brasilíu sem felst í því að vernda fjölskyldu hins moldrika Rodrigo Brnaco. Max Payne 3 inniheldur magnaðan söguþráð, en auk hans dettur alvöru netspilun í seríuna og er sá hluti leiksins gerður í anda Max Payne með bulletteime og netspilunarmögu- leikum sem aldrei hafa sést áður.

Tryggið  
ykkur  
eintak í  
forsölu  
á elko.is

WWW.SENA.IS/MAXPAYNE3

**ELKO**

EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

\*Aðalvinningar dregnir úr öllum innsendum skeytum 30. maí.

Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr./SMS-ið.

Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu.

Leik lýkur 29. maí 2012

Lindum - Skeifunni - Vefverslun - sími 544 4000 - símsala 575 8115



70'S BLÁSTUR.  
FULLKOMIÐ FYRIR  
FINNI TÍLEFNI.  
FABJÚLÖSS.



HÁTT TAGL. GAMLA GÓÐA TAGLIÐ  
HEFUR SJALDAN VERIÐ JAFN INN  
OG NÚNA. EINFALT OG LEYFIR  
ANDLITINU AÐ NJÓTA SÍN.



FLÉTTUR. ÞAÐ ER FÁTT SUMARLEGRA EN AÐ VERA MEÐ  
HÁRIÐ Í FALLEGRI UPPSETTRI FLÉTTU SVO VIÐ TÖLUM  
NÚ EKKI UM ÞÆGINDIN. FASTAR FLÉTTUR, FISKIFLÉTTUR,  
LAUSAR FLÉTTUR, MÖGULEIKARNIR ERU MARGIR.

# 5 HÁRTREND

## fyrir sumarið

skechers  
**GOwalk**

WALK

GOimpulse sensors

Skechers GOwalk  
fisléttir og sveigjanlegir



KLÚTAR Í HÁRIÐ.  
AUGVELT OG  
SKEMMTILEGT TVIST.



DJARFIR LITIR. DJÖRFU LITIRNIR  
HALDA VELLI Í SUMAR. ANSI  
HRESS TILBREYTING SEM MÁ T.D.  
FRAMKALLA FYRIR EITT KVÖLD  
MEÐ LITUÐU HÁRSPREYI.

# Laumugoth með pallíettublæti

**Ásdís Eva Ólafsdóttir** er 22 ára gamall sálfræðinemi. Hún er nýkomin til landsins eftir mikið ævintýri með *Graduale Nobili*-kórnum, sem hefur fylgt Björk Guðmundsdóttur út um heim allan á tónleikaferðalagi. **Stíllinn** fékk hana til að klæða sig upp á þrjá mismunandi vegu.

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?** Stíllinn minn fer eftir skapi hverju sinni. Vinkonur mínar vilja meina að ég sé laumugoth með pallíettublæti og þess vegna passaði ég mig að vera ekki með neitt svoleiðis hérna (held ég). En annars finnst mér skemmtilegast að finna fallegar og einstakar flíkur sem standa tímans tönn.

**Spáir þú mikið í tískunni?** Mér finnst mjög skemmtilegt að fylgjast með tísku og spái alveg ágætlega mikið í henni. Mér finnst skemmtilegt að fylgjast með fólki og sjá hvernig það túlkar og útfærir þá tískustrauma sem eru í gangi hverju sinni.

**Hvar verslar þú helst?** Upp á síðkastið hef ég nánast aðeins verslað í útlöndum. Mér finnst skemmtilegast að finna hluti í second hand-búðum eins og Beacons Closet í Brooklyn eða einhverjum mörkuðum sem maður rambur óvart á.

**Hvert er þitt uppáhaldstrend í sumar?** Mig langar mest í blómamynstraða stuttbuxnadrátt í sumar. Ég fíla þessar hreinu klæðskormu línur sem eru í gangi í t.d. skyrtum og buxum í dag og það að konur séu meiri töffarar heldur en krútt.

**Síðustu mánuði hefur þú ferðast mikið með Björk. Hvernig er praktískt að klæða sig þegar maður er svona mikið á ferðinni?** Það er alveg nauðsynlegt að eiga mjög þægileg ferðaföt þegar ferð er í t.d. 13 tíma flug. Föt sem hægt er að klæða bæði upp og niður eru líka mikilvæg og fót sem ganga vel saman og hægt er að nota á fleiri en einn veg. Það er ekkert hægt að taka með fót sem verða síðan bara notuð einu sinni.

**Voruð þið ánægðar með búningana sem þið klæddust á sviðinu?** Búningarnir okkar eru mjög skemmtilegir. Þeir eru hannaðir af hönnunarteyminu Three As Four og þeir eru léttir og þægilegt að syngja í þeim. Þeir koma líka vel út á sviðinu og passa við heildarhugmyndina sem skiptir mestu máli.

**Er einhver íslensk kona sem þér finnst skara fram úr í klæðaburði?** Að mínu mati finnst mér Saga Sigurðardóttir vera með einstakan og ævintýrilegan fatasmekk sem passar svo vel við myndirnar hennar. Ellen Loftsdóttir stíllisti finnst mér síðan vera mesti töffarinn.

**Hvaða þrjár snyrtivörur finnst þér ómissandi?** Ég er með þurra húð þannig að gott rakakrem og góður varasalvi er ómissandi. Ég nota Clinique rakakrem og varasalva frá Villimey. Ég mála mig vanalega ekki mikið en finnst þá mikilvægast að vera með maskara.

**Ef þú værir að syngja á tónleikum í Eldborgarsalnum í Hörpu, hverju myndir þú klæðast?** Ég hef reyndar sungið í Eldborgarsalnum en þá var ég í Biophilia-búningnum þar sem við sungum síðustu tónleikana í þeim sal. En ef ég mætti ráða þá myndi ég vera í einhverju dökku og dramatísku með nóg af pallíettum og fjöðrum.

## FÍNASTA FÍNT

Mér finnst þessi kjóll sem ég keypti fyrir löngu vera yndislegur á litinn og einstaklega fallegur við sokkabuxurnar frá Kronkron sem ég fékk frá kærastanum. Ég hef notað kjóllinn á ársátíðum og við sýningaropranir. **Skórnir** eru frá Jeffrey Campbell og voru keyptir í New York. Fun fact: **Hárbandið** mitt er hundaól.

**Kjóll** - Vero Moda

**Skór** - JC

**Sokkabuxur** - Kronkron

## ÚT Á LÍFIÐ

Daginn fyrir gamlársdag 2010 fór ég í Rokk og rósir og vissi ekkert hverju ég ætlaði að klæðast kvöldið eftir. Ég fór út með þennan sjúka samfesting sem ég get bara lýst með einu orði - diskó!

**Samfestingur** - Rokk&Rósir

**Skór** - H&M

## DAGSDAGLEGA

Ég keypti þessar buxur í American Apparel í Brooklyn og finnst mér þær skemmtilegar af því þær heita Riding Pant og ég hef aldrei átt buxur í þessum ryðgaða lit. Skyrtan sem er svona fansí útgáfa af Hawaii-skyrtu fékk ég í Costa Rica í flottustu Zöru-búð sem ég hef komið í. Fun fact: Gjaldmiðillinn í Costa Rica heitir Colon.

**Skyrta** - Zara

**Buxur** - American Apparel

**Skór** - Topshop



# Offererta

TAKE AWAY TILBOÐ

## Eld

Smidjan


562 3838

SÚDURLANDSBRAUT 12 | LAUGAVEGUR 81 | BRAGAGATA 38a

**1** 16" PIZZA með tveimur áleggjum 1895.-

**2** 16" PIZZA & 12" MARGARITA/HVÍTLAUKSBRÁUÐ með tveimur áleggjum 2495.-

**3** 16" PIZZA & 16" MARGARITA/HVÍTLAUKSBRÁUÐ af matseðli 3495.-



**HVAÐ ER TÍTT?**

Nafn: Ólöf Jara Skagfjörð  
 Á forsíðu: 7. október 2010  
 Fyrirsögn viðtals: Ég er stór stelpa

Það er allt mjög gott að fréttastofa mín. Síðan ég var forsíðustúlka lék ég hippa í Hörpu, sagði mörg þúsund unglíngum um allt land að dópa ekki og svo var ég svo lánsöm að fá að setja mig í jarðarberjastellingar í Ávaxtakörfunni sem verður sýnd í haust. Núna er ég í þvilliku hátíðarskapi þar sem Eurovision er á næsta leiti! Í sumar er ég að fara að leikstýra unglíngum í Götuleikhúsi Kópavogs sem verður örugglega epísk snilld og þá fara líka brúðkaupin að detta inn en mér finnst alltaf gaman að syngja í þeim. Þá má ekki gleyma því að í lok sumars hyggst ég flytjast vestur um haf en ég komst inn í leiklistarskóla í New York. Það verður ekki leiðinlegt.



**LOL-MAIL MONITOR**

11. maí 2012 16:13  
 til: Benedikt Guðmundsson  
 Sælir BG!  
 Guðrún Gróa sagði að þú ættir einn góðan...

Sæll Jón!

Ég get komið með brandara um þær systur Helgu Margréti og Gróu en þær eru miklar sveitastelpur. Þessi brandari er um þegar þær fóru fyrst í bíó í Reykjavík. Þær byrjuðu á að kaupa sér miða á myndina. Þremur mínútum seinna komu þær aftur til að kaupa sér miða. Þegar þær komu síðan í þriðja skiptið í miðasölu til að kaupa miða á sömu mynd báðar frekar miður sín spurði stelpa í miðasölu hvers vegna þær kæmu alltaf aftur og aftur til að kaupa miða á sömu sýningu sagði Gróa sorgmædd: „Það er einhver leiðindagaur með stæla við okkur í hurðinni. Hann tekur alltaf miðana okkar og rífur þá.“

Annars skora ég á fyndnasta mann Íslands að mínu mati - Sverri Stormsker!

Kv. Benedikt Guðmundsson

**LOKAPRÓFIÐ**

17. maí 2012 | MONITOR skólinn

Ég heiti Stella Sigurðardóttir.

Þú veist hver ég er? af því að ég spila handbolta með sítturlíði Fram

Þegar ég var valin besti leikmaður Íslandsmótsins í handbolta á laugardaginn þá hugsaði ég:

- a) „Hí á hinar stelpurnar í Fram, þær töpuðu bara í dag og unnu ekkert.“
- b) „Þetta er nú ágætissarábót.“
- c) „Ég væri til í að sleppa þessari útnefningu ef að líðið sem ég elska hefði tekið titilinn.“
- d) „Vá, hvað ég ætla beint á B5 með bikarinn. Nenni ekki þessu lokahófsdæmi lengur.“
- e) \_\_\_\_\_

Ég gæti aldrei verið án

- a) iPhone-símans míns. Ég fékk hann nýlega og hann breytti lífi mínu.



- b) Tandra Más Konráðssonar. Sérstaklega núna þegar hann er Íslandsmeistari í handbolta.

- c) Svefn. Ég þarf að sofa í að minnsta kosti 10 tíma.

d) Allt það mikilvæga sem lífi mínu sverfn samt mest

Þegar ég spila með landsliðinu þá er ég alltaf með Kaen Knuts í herbergi sem er frábært af því að

- a) við erum frænkur.
- b) hún er svo myndin.
- c) saman getum við baktalað hinar stelpurnar í landsliðinu
- d) fyrrverandi kærastinn hennar var valinn bestur á Íslandsmóttinu alveg eins og ég.

Hún á líka fullt af þöttum og þessu síðarinn!

- a) er að fá högg á andlitið og líta út eins filamaðurinn í kjölfarið.
- b) er að Mogginn ná af mér mynd með vonand svip og setji í íþróttablaðið!!!
- c) er að einhver fari inn í klefa og steli iPhone-inum mínum.

minn verstja martíði!  
 Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

Stella #9

Ef ég væri ekki Stella Sigurðardóttir myndi ég

- helst vilja vera
- a) Stella McCartney, fatahönnuður
- b) Stella Artois, bjórinn
- c) Stella, búðin í Bankastrætinu
- d) Stella Rósenkranz, danshöfundur
- e) \_\_\_\_\_



af því að þetta er þessi bjór í heimi!

Uppáhaldsviðurnefnið sem ég hef er

- a) Stelios.
- b) Stella sterka.
- c) Stellfríður.
- d) Stella snilli.
- e) \_\_\_\_\_

Á meðan á úrslitakeppninni stóð borðaði ég örugglega 1000 bingókúlur af því að

- a) ég hef alltaf verið svo heppin í bingó í Tónabæ.
- b) ég er svo mikill aðdáandi Veðurguðsins frá Selfossi.
- c) það var happa hjá mér og Tandra, kærastanum mínum og þar sem við spiluum yfirleitt ekki sama daginn þá borðuðum við slíkar kúlur ansi mörg kvöld á stuttum tíma. Er svo hjátrúfull
- d) ég fíla dilla dilla.

Uppáhaldslagið mitt í öllum heiminum er

- a) Wonderwall
- b) Lífið er yndislegt
- c) I will survive
- d) Simply the best

Síðasta sms sem ég fékk var frá

1900 og í því stóð:

M.A.S. dygga verðir turfa piltur www.p.molar.is

Ef ég mætti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Allir að mæta á kofabæningunna 30. maí Ísland - Spánn... þú á að fylla kofann.



**GUMMI BEN**

Ég vil hrósa Gumma Ben fyrir síðustu mínúturnar í leik QPR - Man City, maðurinn fór gjörsamlega á kostum. Maður var sjálfur í sjokki á meðan á þessu stóð en hann lét mann gjörsamlega frika út. Hann átti einnig rosalegt moment þegar hann var að drulla yfir Joey Barton þegar hann var með sinn sirkus í sama leik. Slagorðið hans Gumma ætti að vera „Gummi Ben - gerir lífið skemmtilegra“.



Aron Pálmarsson



**ÉG HEF ALDREI**

- 1 ... prufað eiturlyf.
- 2 ... komið til Boston - já ég veit, það meikar engan sens! Einhver þarf að kaupa þessa skó og drekka þessa kokteila þarna!
- 3 ... átt Kitchenaid-hrærivél! Halló Boston!
- 4 ... átt kærasta frá Patreksfirði.
- 5 ... verið í unglíngavinnunni.
- 6 ... húkað mér far frá Selfossi eftir að hafa verið á balli með Skítamóral í Buffaló-skóm.
- 7 ... aldrei trúað því að Buffaló-skór væru aftur orðnir efstir á óskalistanum <http://www.buffaloshop.de>
- 8 ... aldrei fallið á prófi - bara fallið flöt á Lauga-vegnum í háum hælum fyrir framan böns af fólki.

**SÍÐAST EN EKKI SÍST**

► Þórdís Nadia Semichat, *rannælla, fílar:*

**KVIKMYND:** Boy er uppáhaldsmyndin mín. Grínmynd með dass af alvöru um strák í Nýja-Sjálandi sem er heltekinn af Michael Jackson og lifir í miklum draumaheimi. Þaðir hans ákveður að snúa aftur í líf hans eftir mikla fjarveru og þar af leiðandi hrynur glansmyndin sem strákurinn hafði búið til af föður sínum. Svíðsmyndin er með þeim flottustu sem ég hef séð og frumlegt handrit líka.




1 á listanum yfir mann sem mig langar að hitta og tala við. Ég skræði mig á Twitter bara til þess að fylgjast með honum.



**SJÓN-VARPS-PÁTTUR:** King of the Hill er gleymd gersemi og hef ég verið að rifja upp þættina á YouTube. Annars kemur 30 Rock sterkt inn.



**BÓKIN:** Það er svo langt síðan ég las heila bók. En ég er búin að vera glugga í The Fry Chronicles. Hann er alveg nr.



**PLATAN:** Kala með M.I.A. Mér finnst ég ekki þurfa að útskýra það eitthvað frekar. Segir sig sjálf.

**VEFSÍÐAN:** Ég fer mikið inn á berglindfestival.tumblr.com finnst það langfyndnasta GIF-síðan.

**STAÐURINN:** Ég mæli eindregið með að prufa að skella sér í tíma í Kramhúsinu. Skemmtilegasti staðurinn til að læra að dansa.





**KVIKMYND**

## Vampíra á villigötum

Í þessari nýjustu mynd sinni hefur leikstjórinn Tim Burton fengið til sín gamla vini og eiginkonu, eins og svo oft áður, til að fylla upp í leikarahlutverkin í kvikmyndinni *Dark Shadows*. Hér sameina hann og Johnny Depp krafta sína en sá síðarnefndi fer með aðalhlutverkið sem hin sérvitra vampíra, Barnabas Collins.

Myndin hefst árið 1768 og segir frá því hvernig ástsjúk norn setur álög á broddborgarann Barnabas, myrðir auðuga fjölskyldu hans og breytir honum í vampíru. Af því að Barnabas endurgeldur ekki ást hennar læsir hún hann í líkkistu og er það ekki fyrr en 200 árum seinna að hann nær að brjótast úr prísundinni. Þar hann þá að horfast í augu við það að allir sem hann elskaði eru dánir, fjölskylduveldið er farið á hausinn og það sem verri er, normin er enn á lífi og orðin heiðursborgari á heimaslóðum Barnabas. Hann lætur þó ekki deigan síga og er staðráðinn í því að koma fjölskyldufyrirtækinu aftur á kortið og kynna fjarskyldum ættingjum sínum úr Collins-fjölskyldunni.

**Skemmtileg en sorgleg**  
Myndin fer mjög skemmtilega af stað og mikið óskaplega finnst mér alltaf gaman að sjá einstaklinga taka barnaskrefin á nýjum stað og á nýrri öld. Það er ennþá skemmtilegra þegar Johnny Depp á í hlut en hann túlkar þessa vel máli förnú vampíru listavel, enda fagmaður út í fingurgóma. Fyrri helmingur myndarinnar er á köflum sprenglæggur og er gaman að fylgjast með þeim aðstæðum sem Barnabas og nýja fjölskyldan hans koma sér í. Undirliggjandi tónn myndarinnar sýnir þó ávallt hvernig Barnabas tekst á við söknuð, sorg og reiði í garð nornarinnar sem breytti honum í vampíru. Því miður finnst mér myndin missa dampinn seinasta hálf tímann og skemmir það að vissu leyti fyrir heildarupplifuninni. Engu að síður var hún mun skemmtilegri en ég bjóst við og einvalalið leikara hjálpaði þar mikið til.



**HJÁLMAR KARLSSON** **DARK SHADOWS**



## The Dictator

Hershöfðinginn Aladeen er einræðisherra í landi sínu, Wadiya og hefur að undanfögnu sætt vaxandi gagnrýni frá Vesturveldunum sem vilja ólm koma honum frá völdum. Við þetta er Aladeen ekki sáttur enda algjör andstæðingur lýðræðis þar sem uppþotapólitik eins og málfrelsi, mannréttindi og kvenfrelsi gerir ekkert annað en að æsa lýðinn. Honum er hins vegar ljóst að forráðafólk Vesturveldanna er ekki að grínast með hótunum sínum um að ráðast inn í land hans og því ákveður hann að lægja öldurnar, fara til New York og reyna að koma vitinu fyrir menn með snjöllu ávarpi á þingi Sameinuðu

**Leikstjóri:** Larry Charles.  
**Aðalhlutverk:** Sacha Baron Cohen, Ben Kingsley, John C. Reilly, Kevin Corrigan, Erick Avari, Anna Faris, J.B. Smoove, Megan Fox og Jim Piddock.  
**Lengd:** 83 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 12 ára.  
**Kvikmyndahús:** Laugarásbíó, Smárábíó, Háskólabíó og Borgarábíó.

þjóðanna. En ferð Aladeens á svo sannarlega ekki eftir að fara eins og hann hafði áætlað og áður en yfir lýkur er aldrei að vita nema hann hafi skipt um skoðanir.



**EF ÞÚ ERT EINRÆDISHERRA, ÞÁ SETUR ÞÚ REGLURNAR SJÁLFUR**

**FRUMSÝNING HELGARINNAR**

**blink**  
*Party in your pocket!*

*It's a party!  
It's a taste!  
It's a style!*

**Sykur-laust**

[www.blinkmints.com](http://www.blinkmints.com)



**Marteinn Áki Ellertsson**

- Stúdent frá MH 2007
- Lagadeild, 3. ár
- Áhersla í námi: Fjármunaréttur, félagaréttur og Evrópuréttur
- Áhugamál: Flug, útivera og félagslíf

**Ragnhildur Helgadóttir**

- Prófessor í lagadeild
- Doktorspróf frá Háskólanum í Virginíu
- Sérsvið: Stjórnskipunaréttur
- Situr í samninganefnd Íslands við ESB

# Velkomin í HR

Viltu skemmtilegt og spennandi nám? Viltu mæta sterkari út á vinnumarkaðinn? Viltu vinna með frábærum kennurum og taka þátt í öflugri rannsóknar- og nýsköpunarstarfi? Háskólinn í Reykjavík er framsækinn, alþjóðlegur háskóli með ótvíræða forystu í tækni- greinum, viðskiptum og lögum – lykilgreininum fyrir öflugt atvinnulíf.

**OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 5. JÚNÍ**



**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK**  
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

[www.hr.is](http://www.hr.is)